

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 7. júní 2022 kl. 12:00

Fundargerð

Mættir,

Björn Ármannsson, Guðjón Guðjónsson, Birgir Sigurjónsson, Magnús Harðarson, Sigurður Þórarinnsson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:20

Dagskrá:

Mál 1. Staðan í kjarasamningum skipstjórnarmanna á fiskiskipum. ÁB fór yfir stöðu mála í kjaraviðræðum við SFS en þar er allt botnfrosið. Krafa útgerðarinnar er að sjómenn taki á sig sífellt meiri kostnað, en heildarkrafa sjómanna er verðlögð á u.þ.b. 1,5 milljarð, sem er rétt um helmingur af arðgreiðslum Síldarvinnslunnar fyrir síðasta ár svo dæmi sé tekið. Útgerðamenn tala eins og þeir hafi völdin, það er mikil harka hjá útgerðinni í þessum samningaviðræðum, þeir eru ósveigjanlegir og gefa ekkert eftir. ÁB sér ekki fyrir endann á þessum viðræðum, það er komin upp pattstaða. Margir eldri og reyndari starfsmenn SFS eru hættir og ungir vel menntaðir menn komnir í staðinn en flestir þeirra hafa ekki komið nálægt sjómennsku og hafa takmarkaða innsýn í það sem er að gerast á flotanum. Hins vegar er ekki áhugi hjá sjómönnum að fara í verkfall eins og staðan er í dag. Það væri mögulega hægt að segja upp svo kölluðum sérkjarasamningum sjómanna en þá myndi landlega skipa lengjast milli túra en núna stoppa togarnir rétt á meðan verið er að landa og svo er haldið út að nýju, það er eins með uppsjávarskipin. Afleiðingin fyrir ísfisktogara svo dæmi sé tekið gæti verið sú að 30 – 40 veiðidagar töpuðust á ári. Nokkur umræða skapaðist um þetta mál og eru menn sammála því að staðan sé afleit og landsýn ekki í bráð.

Mál 2. Staðan í kjarasamningum farmanna, skipstjórnarmanna á útsýnisbátum og eldisbátum PÆP fór yfir stöðu mála og nefndi að það stefndi í krefjandi samningaviðræður í haust þegar kjarasamningar losna en framundan er óvissutímabil, vaxandi verðbólga og vaxtahækkunarir gera það að verkum að farið verður fram á kjarabót yfir línuna, við vitum hins vegar ekki hver staðan verður þegar kjarasamningar losna, hvort vaxtahækkunarhringa verður viðvarandi ef t.d. stríðið heldur áfram næstu misseri og verðbólgan hjaðnar ekki, þá mun það hafa áhrif. Samningalota stóru blokkanna er ekki hafin ennþá og ekki er gert ráð fyrir neinum hreyfingum í þá átt fyrir en eftir sumarleyfi. Við munum svo koma í humátt á eftir þeim þegar þeir hafa samið um sín kjör því samkvæmt reynslunni fáum við þessi minni stéttarfélög ekkert pláss eða áheyrn hjá SA fyrr en þeir stóru hafa samið. Samninganefndin mun hittast strax að loknum sumarleyfum um mánaðarmótin ágúst/sept, þá byrjum við að stilla saman strengi og setjum upp viðræðuáætlun.

Varðandi kjarasamninga skipstjórnar og vélstjórnarmanna á útsýnisbátum, þá voru kjarasamningar skipstjórnarmanna og reyndar vélstjóra framlengdir fram á haustið en við munum taka upp þráðinn aftur í haust með VM og knýja á um gerð nýs kjarasamnings fyrir þessa menn.

Okkur hefur ekki enn tekist að fá forvígismenn eldisfyrirtækjanna að samningaborðinu til að gera kjarasamning fyrir skipstjóra á eldisbátunum en áttum fund með forstjóra Arnarlax 29 apríl sl. hér á skrifstofunni sem var ágætur en áður höfðum við Árni Sv. farið vestur á Bíldudal, þar sem fulltrúar

Arnarlax sýndu okkur starfsemi fyrirtækisins. Við fórum m.a. um borð í brunnskipið M/S Ronja Tind sem lá í höfninni á Bíldudal. Þar áttum við fund með áhöfninni og fulltrúa Arnarlax og lýstum vilja okkar til þess að koma að íslenskum skipstjórnarmönnum á slík skip sem fyrst. Vel var tekið í þá hugmynd okkar. Við höfum boðið forsvarsmönnum eldisfyrirtækjanna fyrir austan að hitta okkur en af því hefur ekki orðið ennþá. Mikil vinna og tími hefur farið í málefni skipstjórnarmanna hjá eldisfyrirtækjunum en við teljum þeim tíma vel varið því þessi grein er vaxandi og við vonumst til að skipstjórnarmenn fiskeldisfyrirtækjanna á landinu sjái sér hag í að ganga til liðs við FS, þá er staða okkar mun sterkari til samningsgerðar.

Mál 3. Ný áhafnalög og óásættanleg vinnubrögð meirihluta Samgögnunefndar. Við fórum yfir stöðu mála og sögðum frá fundi sem við áttum með ráðuneytisstjóra og lögfræðingi innviðarráðuneytisins nýlega en á þeim fundi var þeim afhent mótmælabréf frá sjómannasamtökunum auk fulltrúa Slysavarnaskóla sjómanna og Skipstjórnarskólanum. Bréfið var einnig sent í tölvupósti öllum þingmönnum og til helstu fjölmiðla landsins. Í stuttu máli er það skoðun okkar að draga þurfi frumvarpið til baka og gera á því ákveðnar breytingar. Við viljum að eftirfarandi þættir komi fram sem ekki eru í núverandi frumvapi sem lagt hefur verið fyrir þingið og er í annari umræðu um þessar mundir:

- Mönnunarskírteini verði gefin út fyrir fiskiskip eins og önnur skip. (Ákveðin hætta er á að fækkað sé á kostnað öryggis, hvíldar og vinnuálags).
- Undanþágu- og mönnunarnefndir verði ekki lagðar niður. (Það er nauðsynlegt að fagaðilar komi að veitingu undanþága og frávika frá mönnun).
- Útivistartími smáskipa verði að hámarki 14 tímar með skertri mönnun, virkjað verði það eftirlitskerfi sem þegar er til staðar (Trackwell) og refsíákvæði sem virka verði til staðar.
- Mótmælt er þeim áformum að heimila háseta að gegna starfi stýrimanns. (Það er óásættanlegt að löggjafinn áformi að leggja af menntunarkröfur yfirmanna).
- Mótmælt er að hægt sé að komast hjá því að hafa vélstjóra á smáskipi með vísan til þjónustusamnings við verkstæði í landi.
- Mótmælt er að eigandi báts geti verið einn á sjó lengur en 14 tíma, (hér er löggjafinn að leggja til að siglingareglur og lög um hvíldartíma sjómanna séu brotin).

Niðurlag bréfsins er: „Við undirritaðir mótmælum harðlega framkomnu nefndarálinni meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Við skorum á alla alþingismenn að hafna frumvarpinu og taka tillit til neðangreindra fagaðila, það er óásættanlegt að höfundar frumvarpsins og meirihluti nefndarmanna taki í engu tillit til sjónarmiða fagaðila sem hafa rökstutt skoðanir sínar í fjölmörgum umsögnum í aðdraganda málsins, sjá samráðsgátt.”

Því miður dregst umræða um málið sem hefur verið á dagskrá þingsins um skeið en er sífellt frestað. Við óttumst það mjög að málið lendi aftarlega á dagskránni því tugir stjórnarmála- frumvörp og þingsályktunartillögur bíða afgreiðslu. Það er því ákveðin hætta á að frumvarpið verði afgreitt án umræðu í þinginu sem er afar slæmt en er hins vegar óskastaða fyrir flutningsmann og meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar sem hefur sýnt mikinn þvergirðingshátt og ekki hlustað á ein einustu rök okkar þrátt fyrir ótal samtöl, tölvupósta og skilaboð. Þetta eru óboðleg vinnubrögð að okkar mati og mikill skortur á skilningi og alvarleika málsins.

Nokkur umræða skapaðist meðal stjórnarmanna og var m.a. bent á að ungt fólk hefur takmarkað áhuga á að leggja sjómennskuna fyrir sig þrátt fyrir ágæt laun. Margt kemur þar til en þó aðallega krafan um fjölskyldusamlegra líf og menn komast fljótt að raun um að sá þrældómur sem enn tíðkast á sumum

skipum hefur mikil áhrif, að vinna jafnvel 16 klst. á sólarhring svo árum skiptir slítur mönnum út fyrir aldur fram.

Mál 4. Farið yfir ársreikninga FS fyrir árið 2021. ÁS fór yfir ársreikningana og útskýrði.

Sjóðir félagsins eru fjórir, þ.e.a.s. Félagssjóður, Styrktarsjóður, Orlofsheimilasjóður og Starfsmenntasjóður, auk þess greiða útgerðir fiskiskipa svokallað greiðslumiðlunargjald í Félagssjóð, sjóðirnir fjórir eru að venju teknir saman í einn reikning Samstæðureikning í ársreikningi. Rekstrartekjur samstæðunnar voru rúmar 229 milljónir árið 2021, eða um 27 milljónum hærri en árið 2020. Rekstrargjöld voru tæpar 230 milljónir eða tæplega 65 milljónum króna hærri en árið 2020. Munar þar mestu að annar rekstrarkostnaður hækkaði um rúmlega 38 milljónir á milli ára og styrkveitingar hækkuðu um tæpar 15,6 milljónir. Skýringar á þessum hækkunum eru að við endurnýjuðum baðherbergi í þremur íbúðum félagsins, Ásholti 26 og 36 og Neðstaleiti 2, einnig endurnýjuðum við baðherbergi frá a til ö í sumarhúsi félagsins í Úlfsstaðaskógi auk fleiri viðhaldsverkefna.

ÁS sagði frá því að fjármagnstekjur að frádregnum fjármagnsgjöldum hefðu verið um 38 milljónum minni árið 2021 en árið 2020, þær voru rúmar 66,5 milljónir árið 2021, samanborið við rúmar 104,6 milljónir árið 2020.

Hagnaður ársins 2021 var rúmar 66 milljónir samanborið við 141,7 milljónir árið 2020.

Sjúkradapeningar voru hækkaðir 1. September um 60.000 krónur, úr 490.170 í 555.170 á mánuði. Þetta var gert til samræmis við hækkanir Lífskjarasamninga, en sem kunnugt er þá miðast sjúkradagpeningar við kauptryggingu sem hefur ekki hækkað vegna þess að ekki hafa náðst samningar við SFS. Það er athyglisvert að yfirleitt hefur SFS ákveðið að launaliðir kjarasamninga sjómanna hækki til samræmis við launahækkanir á almenna markaðnum, en það hefur ekki verið gert núna, það er ekki til að bæta andrúmsloftið í samningaviðræðunum.

ÁS leggur til að Menningarsjóður sem á í árslok 2021 krónur 6.711.410.- verði lagður niður og upphæðin verði lögð inn á reikning Félagssjóðs. Að áliti ÁS og endurskoðenda er óþarfi að vera með slíkan sjóð, engir styrkir hafa verið veittir úr sjóðnum um árabíl. Ef til þess kemur að stjórn ákveði að styrkja menningarviðburð, þá yrði sá styrkur greiddur úr Félagssjóði. Tillagan var samþykkt samhljóða.

ÁS sagði frá því að allar íbúðir og sumarhús félagsins eru eignfærðar á Orlofsheimilasjóð nema Ásholt 26 sem er eignfærð á Félagssjóð og Ásholt 36 sem er eignfærð á Styrktarsjóð. ÁS leggur til að þessu verði breytt í næsta ársreikningi þannig að allar íbúðir og orlofshús félagsins verði eignfærðar á Orlofssjóð. Tillagan er gerð í samráði við endurskoðendur til einföldunar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

ÁS greindi frá því að á undanförunum árum hefur skuld Félagssjóðs við Styrktarsjóð aukist vegna þess að greiðslur fara allar í gegnum reikning Félagssjóðs. ÁS lagði til að þessi skuld yrði greidd upp, en Félagssjóður stendur vel undir því, einnig skuld við Starfsmenntasjóð. Tillaga ÁS var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Mál 5. Lífeyrisfrumvarpið og umsögn stéttarfélaga sjómanna vegna þess. ÁB fór yfir frumvarpið og umsögn FS, VM og SÍ. Í 6 grein frumvarpsins er sett inn ótímasett bráðabirgðaákvæði sem undanskilur sjómenn frá þeirri reglu að lágmarks iðgjald til lífeyrissjóða hækki úr 12% í 15,5% en það er gert til að jafna lífeyrisréttindi milli opinberra vinnumarkaðarins og þess almenna. Eiga sjómenn því einir stétta að una því að aðeins sé greitt 12% af þeirra launum í lífeyrissjóð þar sem útgerðin hefur ekki ljáð máls á því í kjaraviðræðum við sjómenn að hækka hlutfall þeirra í 15,5% eins og gert hefur verið hjá öðru launafólki.

Sjómannasamtökin mótmæla því harðlega að sjómenn séu skildir eftir við lagasetningu sem skylda alla aðra til að greiða 15,5% af launum í lífeyrissjóði.

Benda má á að starf sjómannsins er erfitt og almennt er því starfstími sjómanna í atvinnugreininni styttri en almennt er í öðrum atvinnugreinum og því hafa sjómenn skemmri tíma til að afla sér réttinda í lífeyrissjóði en gengur og gerist hjá öðrum stéttum. Af þeirri ástæðu eru full rök fyrir því að lágmarksiðgjaldið kæmi til sjómanna eins og til annarra starfsstétta óháð því hvort samningar um það hafði tekist við útgerðamennt eða ekki.

Stjórnarmenn ræddu þetta mál nokkuð og kom m.a. fram að margir sjómenn hafa ekki lagt mikla áherslu á lífeyrismál, sérstaklega þeir yngri, það er ekki fyrr en menn eru farnir að reskjast og stutt eftir af starfsævinni að þeir fara að hugsa um þessi mál. Mikilvægt er að kynna fyrir félagsmönnum lífeyrismál til að þeir öðlist betri skilning á réttindum sínum og mikilvægi þess að greiða í lífeyrissjóði.

Mál 6. Mælaborð. ÁS fór yfir málið og sagði frá því að FS bauð VM að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni. Það er nokkuð dýrt fyrir eitt stéttarfélag að standa undir kostnaði og því hagkvæmara ef bæði stéttarfélögin deili kostnaðinum á milli sín. Stjórn VM hefur þegar samþykkt þátttöku þeirra og þar á bæ líst mönnum vel á hugmyndina. Oceans of Data sem er sprotafyrirtæki og rekur upplýsingaveitu fyrir sjávarútveg gerði okkur tilboð og verður aðaláherslan á að greina verð á þorski á Íslandi og Norðlöndunum, verð á mörkuðum en einnig hvað verður um þorskinn eftir að hann er fluttur úr landi og mismundandi verð á milli landa. Einnig er áhersla á að afla gagna um eignarhald á fyrirtækjum sem eru milliliðir á leið fisksins á markað. Þetta ætti að skila okkur upplýsingum sem við getum nýtt okkur í gagnrýni og í baráttunni fyrir réttlátara fiskverði. Það þarf líka að kanna með hvað hætti Skatturinn fylgist með milliverðlagningu áður en fiskurinn kemst á markað. Þetta mælir mælaborðið að sögn ÁS. Þessar upplýsingar koma til með að verða uppfærðar reglulega.

Varðandi Makrílinn, þá kom það í ljós við skoðun í fyrra, að verðmæti hans hjá norksu skipunum var mun hærra heldur en hjá þeim íslensku. Við viljum geta fylgst með verðlagningu frá mánuði til mánaðar. Mælaborðið mun greina þetta, og við ættum að fá upplýsingar um verðmun milli Íslands annars vegar og Noregs og Færeyja hins vegar. Það er afar mikilvægt að allar upplýsingar séu staðfestar með könnun og mælingu en ekki með bryggjusögum. Réttar upplýsingar gefa okkur möguleika á meira aðhaldi. Nefna má að Norðmenn flytja mest megnis af Makrílnum til Japan á mun hærra verði en Íslendagar sem flytja Makrílinn beint til Litháen og sjómenn fá borgað eftir því verði sem þar fæst fyrir fiskinn. Síðan eru makrílafurðirnar seldar á miklu hærra verði til Japan frá Litháen og verða sjómenn því af umtalsverðum tekjum með þessu háttalagi útgerðanna, samkvæmt okkar upplýsingum er jafnvel helmingi munur á verði. Haft er eftir framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi að makrílinn sé fluttur frá Litháen til Japan en okkur skortir hins vegar upplýsingar um verð á milli landa. Óskað var eftir samþykki stjórnar um að borga Oceans of Data krónur 240 þús á mánuði í eitt ár til halda áfram með málið. Málið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki rætt,

Formaður sleit fundi kl. 14:40

Árni Bjarnason Formaður

Árni Sverrisson Framkvæmdastjóri

Páll Ægir Pétursson fundarritari